



MINNISBLAÐ

Til: Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
Frá: LEX / Aðalsteini E. Jónassyni hrl. og dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík
Dags: 17. júní 2010
Efni: Hugsanleg viðbrögð við dómum Hæstaréttar Íslands dags. 16. júní 2010 í svokölluðum „myntkörfumálum“

Samantekt

1. Með ofangreindum dómum frá 16. júní 2010 í svokölluðum „myntkörfumálum“ kemst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að lánin sjálf séu lögleg en að gengistrygging kaupleigusamninga sé ólögleg. Dómarnir hafa því ekki áhrif á aðrar skuldbindingar leigutaka (lántaka). Engin afstaða kemur fram af hálfu Hæstaréttar við hvaða vexti eða verðtryggingu skuli miða nú þegar gengistryggingin er afnumin.
2. Hægt er að fara tvær ólíkar leiðir til að leysa úr þeim álitafnum sem hafa komið upp í kjölfar dómanna. Fyrirsjáanlegt er þó í báðum tilvikum að ágreiningur muni í framhaldinu koma upp á milli kröfuhafa og skuldara sem mun fara fyrir dómstóla.
 - a. Annars vegar er hægt að grípa til lagasetningar sem ætlað er að hafa afturvirk áhrif. Slík lagasetning myndi eingöngu beinast að því að skilgreina vaxtafót fyrir höfuðstól þeirra krafna sem dómur Hæstaréttar nær til auk verðtryggingar. Með breytingunni væri undirstrikað að skuldarar þurfi að greiða þá vexti sem þeir hefðu sannanlega þurft að greiða fyrir lán í íslenskum krónum, ef lánið hefði verið tekið í íslenskum krónum.
 - b. Hins vegar er hægt að byggja á fyrirbyggjandi löggjöf sem svarar þeim álitafnum sem komið hafa upp. Það er gert í 18. gr vaxtalaga nr. 38/2001 þar sem kveðið er á um leiðréttingu miðað við verðtryggða eða óverðtryggða vexti, séu vextir eða annað endurgjald fyrir lán ógilt. Þrátt fyrir takmarkað gildissvið þess lagaákvæðis eru undirstöðurök þess skýr, þ.e. að skuldari á ekki að hagnast á ógildingum samnings um vexti eða annað endurgjald. Skuldara ber þá að greiða þá vexti eða annað endurgjald sem vaxtalögin gera ráð fyrir að hann hefði þurft að greiða, þ.e. verðtryggða eða eftir atvikum óverðtryggða vexti, sbr. 4. gr. laganna. Aðrar réttarreglur styðja þessa niðurstöðu, svo sem reglur samninga- og kröfuréttar um brostnar forsendur og ákvæði 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.
3. Hér er lagt til að síðari leiðin verði heldur farin með þeim rökum að ef löggjafinn grípur inní þessa atburðarás á ríkissjóður á hættu að vera gerður skaðabótaskyldur, komist Hæstiréttur síðar að þeirri niðurstöðu að löggjöfin standist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar. Þótt löggjöf yrði sett, er fyrirsjáanlegt að skuldarar munu byggja á því að hún feli í sér brot gegn stjórnarskrá. Því mun óvissan ekki verða minni fyrir samfélagið og fjármálafyrirtækin þótt löggjöf verði sett. Með þessari leið er lagt er til að fjármálafyrirtækin fái skýr skilaboð um að þau leysi úr þeim álitafnum sem eru komin upp á grundvelli gildandi réttarreglna. Komi í framhaldinu upp ágreiningur er eðlilegast að láta dómstólum eftir að leysa úr þeim ágreiningi á grundvelli þeirra reglna sem voru í gildi þegar stofnað var til viðkomandi samninga.

1. Forsaga

Í dómum nr. 92 og 153/2010, dags. 16. júní 2010, komst Hæstiréttur að eftirfarandi niðurstöðu:

1. Lán í erlendri mynt falla ekki undir reglur VI. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.
2. Kaupleigusamningar teljast vera lánssamningar í skilningi VI. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 (skuldbinding um lánsfé). Af því leiðir að þær takmarkanir sem gilda um heimild til verðtryggingar gilda jafnframt um slíka samninga.
3. Óheimilt er að binda lán sem veitt er í íslenskum krónum við gengi erlendra mynta (gengistrygging). Tenging lána í íslenskum krónum við erlendar myntir telst vera verðtrygging í skilningi VI. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 sem ekki er veitt sérstök heimild fyrir í lögnum. Samkvæmt Hæstarétti er einungis heimilt að verðtryggja skuldbindingu í íslenskum krónum miðað við vísitölu neysluverðs, eða eftir atvikum miðað við hlutabréfávísitölu, innlenda eða erlenda, eða safn slíkra vísitalna sem ekki mæla breytingar á almennu verðlagi.
4. Ef lánsfjárhæð í lánssamningi og afborganir í greiðsluáætlun eru tilgreind í íslenskum krónum, ber að líta svo á að um lán í íslenskum krónum sé að ræða. Af dómi Hæstaréttar má ráða að það skipti ekki máli þótt sýnt sé fram á að viðkomandi fjármálafyrirtæki hafi fjármagnað leiguna (lánið) með kaupum á erlendri mynt, og síðan selt hana og lagt andvirði mynta í íslenskum krónum inná reikning leigutaka (lántaka).

Dómar Hæstaréttar hafa takmarkað fordæmisgildi:

4. Gengistrygging kaupleigusamninga var eingöngu dæmd ógild. Dómarnir hafa ekki áhrif á aðrar skuldbindingar leigutaka (lántaka) samkvæmt samningunum enda voru lánin sjálf ekki dæmd ólögleg.
5. Með dómunum er því slegið föstu að heimilt er að veita lán í erlendri mynt. Dómarnir hafa því ekki fordæmisgildi gagnvart lánssamningum þar sem höfuðstóll er tilgreindur í erlendri mynt, lánið er greitt til lántaka í erlendri mynt og eftir atvikum endurgreitt í sömu mynt. Í kjölfar dóma Hæstaréttar er hins vegar óljóst hvar mörkin liggja á milli lána í erlendri mynt og íslenskum krónum. Dómarnir taka þannig til dæmis ekki á því hvernig skuli líta á lánssamninga þar sem höfuðstóll og afborganir eru tilgreindar í íslenskum krónum með því orðalagi að um „jafnvirði í íslenskum krónum“ sé að ræða.
6. Dómarnir fjalla báðir eingöngu um kaupleigusamninga þar sem neytendur voru leigutakar (lántakar). Það er því síður en svo sjálfgefið að dómarnir hafi fordæmisgildi gagnvart öðrum lánssamningum bankanna. Ætla má að dómarnir hafi engu að síður fordæmisgildi gagnvart öðrum kaupleigusamningum þar sem þeir virðast almennt hafa verið byggðir upp á sambærilegan hátt hjá öllum þeim fyrirtækjum sem voru að veita slíka fyrirgreiðslu. Þetta þarf þó að skoða nákvæmlega til að taka af allan vafa. Einnig þarf að skoða sérstaklega aðrar tegundir eignaleigusamninga, einkum fjármögnunarleigusamninga og samninga um rekstrarleigu sem eru eingöngu gerðir við lögaðila.

7. Þar sem dómarnir hafa ekki almenna skírskotun þarf að skoða sérstaklega samninga bankanna um einstakar tegundir lána. Dómarnir munu hafa fordæmisgildi gagnvart öllum lánessamningum þar sem höfuðstóll og greiðsluáætlun lána eru eingöngu tilgreind í íslenskum krónum, lán greitt út í íslenskum krónum og endurgreitt í íslenskum krónum. Hugsanlegt er að dómarnir hafi fordæmisgildi gagnvart íbúðalánnum og öðrum tegundum neytendalána, þótt það verði að skoða sérstaklega með hliðsjón af ofangreindu.

2. Álitamál sem koma upp í kjölfar dóma Hæstaréttar

Dómar Hæstaréttar vekja a.m.k. upp eftirfarandi spurningar sem ekki var leyst úr:

1. Hvert er fordæmisgildi þessara dóma gagnvart öðrum tegundum samninga, sbr. fyrri umfjöllun í 1. kafla.
2. Hver er staðan milli kröfuhafa og skuldara? Á hvaða grundvelli á að leiðrétta samningana aftur í tímann og hvernig fer með framtíðarskuldbindingu lántaka samkvæmt samningunum?
 - a. Skuldarar munu halda því fram að þeir eigi eingöngu að greiða þá vexti sem lagðir voru til grundvallar ef um lán í erlendum myntum væri að ræða og að skuldbindingar skuli ekki vera verðtryggðar að neinu leyti.
 - b. Lánveitendur munu á hinn bóginn krefjast greiðslu vaxta sem taka mið af því ef stofnað hefði verið til skuldbindingarinnar í íslenskum krónum í upphafi, og eftir atvikum að skuldbindingar skuli verðtryggðar miðað við vísitölu neysluverðs.
3. Hvaða áhrif hafa dómarnir á stöðu lána sem hafa verið gerð upp? Eiga fyrirverandi lántakar rétt á því að slíkir samningar séu teknir upp? Eiga slíkir aðilar hugsanlega skaðabótakröfu og þá á hendur hverjum?

3. Réttarstaðan samkvæmt núgildandi lögum

3.1. Almennt

Hægt er að leysa úr þeim álitamálum sem hafa komið upp í kjölfar dóma Hæstaréttar á grundvelli laga sem voru í gildi á þeim tíma sem skuldarar stofnuðu til skuldbindinga sinna. Í kafla 3.2. og 3.3. er nánar gerð grein fyrir þessu.

3.2. Réttarstaðan milli skuldara og kröfuhafa

Í dómum Hæstaréttar var ákvæði kaupleigusamninga um gengistryggingu dæmt ógilt. Önnur ákvæði samninganna voru hins vegar ekki dæmd ógild. Þótt ákvæði um vexti hafi ekki verið ógilt berum orðum í dómum Hæstaréttar, er ljóst að vextirnir í kaupleigusamningunum byggðust alfarið á gengistryggingunni. Brostnar forsendur eru því fyrir þeim vaxtafót sem samið var um í upphafi. Fjármálafyrirtæki munu geta byggt á því að þau ákvæði séu ógild og líta beri til ákvæða vaxtalaga nr. 38/2001 og samningalaga nr. 7/1936 um uppgjör milli aðila.

Í lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu er að finna ákvæði sem leysir úr því hvernig bregðast skuli við ef samningur um vexti eða annað endurgjald eða umlíðun skuldar stangast á við ákvæði VI. kafla laganna um verðtryggingu og telst af þeim sökum ógildur.

- **18. gr.** Ef samningur um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umliðun skuldar eða dráttarvexti telst ógildur og hafi endurgjald verið greitt ber kröfuhafa að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur þannig ranglega af honum haft. Við ákvörðun endurgreiðslu skal miða við vexti skv. 4. gr., eftir því sem við getur átt.

Samkvæmt þessu er lagt til grundvallar að notast skuli við ákvæði 4. gr. vaxtalaga, ef samningur verður ógiltur:

- **4. gr.** Þegar greiða ber vexti skv. 3. gr., en hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. Í þeim tilvikum sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr.

Eins og sjá má hefur ákvæði 18. gr. vaxtalaga takmarkað gildissvið:

- i) Ákvæðið horfir eingöngu til þess að leiðrétta hlut skuldara með afturvirkum hætti
- ii) Ákvæðið gildir eingöngu þegar skuldari hefur innt endurgjald af hendi.
- iii) Ákvæðið gildir eingöngu við þær aðstæður að skuldari hafi verið krafinn um of hátt endurgjald fyrir umliðun skuldar þannig að hann eigi rétt á endurgreiðslu frá kröfuhafa.

Samkvæmt ofangreindu svarar 18. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 ekki beint þeirri spurningu hvert endurgjaldið fyrir lánveitingu skuli vera til framtíðar eða ef ekkert endurgjald hefur enn verið innt af hendi af hálfu skuldara. Þrátt fyrir það er ljóst hver undirstöðurök þessa lagaákvæðis eru:

Skuldari á ekki að hagnast á ógildingu samnings um vexti eða annað endurgjald. Skuldara ber þá að greiða þá vexti eða annað endurgjald sem vaxtalögin gera ráð fyrir að hann hefði þurft að greiða ef það hefði farist fyrir að skilgreina vextina eða annað endurgjald í samningi aðila, sbr. 4. gr. laganna.

Þrátt fyrir að gildissvið 18. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 sé takmarkað verður því að leggja til grundvallar að dómstólar muni engu að síður nota ákvæðið til fyllingar við skilgreiningu á réttarsambandi skuldara og kröfuhafa, að því marki sem ákvæðið gildir ekki samkvæmt orðanna hljóðan. Fjármálafyrirtæki munu jafnframt geta byggt á því að nota skuli reglur samninga- og kröfuréttar um brostnar forsendur og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 þessu til stuðnings, en samkvæmt því ákvæði er dómstólum heimilt að breyta samningi sem telja verður ósamngjarnan vegna atvika sem voru til staðar við samningsgerð eða koma til síðar. Samkvæmt þessu verður að telja að skuldari þurfi ávallt að greiða þá vexti eða annað endurgjald sem hann hefði þurft að greiða ef lánið hefði í upphafi verið byggt upp sem lán í íslenskri mynt. Önnur niðurstaða gengur

gegn þeim sjónarmiðum sem búa að baki réttaráhrifum ógildingar í samninga –og kröfurétti og endurspeglast meðal annars í réttarreglum um vangildisbætur og reglum skaðabótaréttar innan og utan samninga um að tjónþoli eigi ekki að hagnast á tjónsatburði (sem er í þessu tilvikum ólögsmæt verðtrygging).

3.3. Uppgerð lán

Í einhverjum tilvikum hafa lán verið gerð upp með fyrirvara um lögmæti þeirra. Í slíkum tilvikum er ljóst að skuldari getur krafist leiðréttingar á grundvelli 18. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, hafi hann greitt of mikið að teknu tilliti til vaxta samkvæmt 4. gr. laganna. Eins kann að vera að lánveitendur kjósi að leiðrétta hlut skuldara sem hafa gert skuldir sínar upp á röngum grundvelli, þótt ekki hafi verið greitt með fyrirvara.

Hafi skuldari ekki greitt með fyrirvara fer um réttarstöðu aðila samkvæmt 18. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 – en ákvæði tekur samkvæmt orðanna hljóðan á leiðréttingu þegar skuldari hefur innt greiðslu af hendi („hafi endurgjald verið greitt“). Samkvæmt því eiga skuldarar rétt á leiðréttingu með hliðsjón af 4. gr. sömu laga. Kröfur um endurgreiðslu ofgreidds fjár fyrnast hins vegar á 4 árum samkvæmt núgildandi fyrningarlögum nr. 150/2007 (tóku gildi 1. janúar 2008) og eldri fyrningarlögum nr. 14/1905. Í eldri fyrningarlögum er ákvæði um að kröfur af þessum toga geti fyrnst á 10 árum ef kröfuhafi hefur gerst sekur um „sviksamlegt atferli“ (5. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905). Að mati undirritaðs getur þetta ákvæði ekki átt við um myntkörfulánin þar sem hæpið er að leggja til grundvallar að um vísvitandi blekkingar hafi verið að ræða.

4. Hugsanleg viðbrögð við dómi Hæstaréttar

4.1. Almenn

Tvenns konar viðbrögð koma til álit:

1. Láta fjármálafyrirtækjunum það eftir að greiða úr vandanum á grundvelli 18. gr. og 4. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 og samningalaga nr. 7/1936.
2. Setja lög sem skilgreina nánar réttarstöðu aðila.

4.2. Uppgjör á grundvelli gildandi réttarreglna

Ljóst er að hægt er að láta fjármálafyrirtækjunum það eftir að greiða úr vandanum á grundvelli gildandi réttarreglna.

Kostir þess að fara þessa leið eru eftirfarandi:

1. Leyst yrði úr réttarágreiningu aðila á grundvelli réttarreglna sem voru í gildi á þeim tíma sem samningar voru gerðir.
2. Minni líkur á uppþoti og óróa í samfélaginu. Það eru miklu meiri líkur á að samfélagið sætti sig við að málin verði útkljáð á grundvelli réttarreglna sem voru í gildi á þeim tíma sem samningar voru gerðir.

Gallarnir eru eftirfarandi:

1. Óvissa í rekstri fjármálafyrirtækja um hvernig beri að gera lánin upp og innheimta þau til framtíðar. Þessi galli mun væntanlega einnig koma upp þótt löggjöf verði sett, því skuldarar munu að öllum líkindum láta reyna á gildi laganna gagnvart stjórnarskrá. Eini kosturinn er þá sá að fjármálafyrirtæki munu geta vísað til þess að þau séu eingöngu að fylgja lögum sem sett voru af Alþingi og þar með beina athyglinni annað.
2. Ljóst að skuldarar munu láta reyna á hvort það standist að gera lánin upp á grundvelli 18. gr. og 4. gr. vaxtalaga nr. 38/2001. Óvissa mun ríkja um þetta á meðan leyst verður úr málinu fyrir dómstólum. Þessi galli verður líka til staðar þótt löggjöf verði sett.

4.3. Hugsanleg lagasetning

Að mati undirritaðs kemur til álita að leyst verði úr ofangreindri réttaróvissu með lagasetningu, til fyllingar núgildandi vaxtalögum nr. 38/2001. Slík lagasetning myndi þá eingöngu beinast að því að skilgreina vaxtafót fyrir höfuðstól þeirra krafna sem dómur Hæstaréttar nær til auk verðtryggingar, sbr. 4. gr. vaxtalaga nr. 38/2001.

Kostirnir við þessa leið eru:

1. Skýr lína fyrir fjármálafyrirtæki. Öll fjármálafyrirtæki munu þá vinna eftir lögunum við uppgjör og innheimtu krafna.
2. Hugsanlega yrði óvissa í rekstri fjármálafyrirtækja minni. Á móti kemur hins vegar sú óvissa sem mun koma upp vegna málaferla sem munu fara í gang um gildi laganna gagnvart stjórnarskrá.

Gallarnir eru eftirfarandi:

1. Ef lög eru sett er líklegt að skuldurum muni líða eins og verið sé að reyna svipta þá rétti sem þeir annars hefðu á grundvelli gildandi reglna.
2. Ríkið getur bakað sér skaðabótaskyldu ef Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að löggin standist ekki stjórnarskrá, á þeim grundvelli að skuldarar hafi verið sviptir eignarréttindum án greiðslu bóta samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar. Skuldarar munu þá krefja ríkið um greiðslu skaðabóta, fái þeir tjónið ekki bætt að fullu frá viðkomandi fjármálafyrirtækjum.

4.3.1. Tillaga að breytingu

Verði ákveðið að fara þá leið að setja lög gæti ákvæði 18. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 hljóðað svo eftir breytingu:

■ 18. gr. Ef samningur um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umliðun skuldar eða dráttarvexti telst ógildur skulu vextir skv. 4. gr. gilda um réttarsamband aðila frá stofnun þess. Sé samningur til lengri tíma en 5 ára skal miða við lægstu vexti á nýjum almennum verðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 10. gr. Um verðtryggingu skal þá miðað við vísitölu neysluverðs skv. 1. mgr. 14. gr. Hafi endurgjald verið greitt ber kröfuhafa, ef við á, að endurgreiða skuldara þá

fjárhæð sem hann hefur þannig ranglega af honum haft. Við ákvörðun endurgreiðslu skal miða við þá vexti og verðtryggingu sem að framan greinir.

Samhliða væri nauðsynlegt að setja inn ákvæði til bráðabirgða. Það ákvæði yrði nr. X og gæti hljóðað á eftirfarandi leið:

- X. Ákvæði 18. gr. gildir um samninga sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, en teljast ógildir vegna brota á VI. kafla laga þessara. Ákvæðið hefur engin áhrif á kröfur sem eru fyrndar samkvæmt gildandi lögum.

Í ljósi ofangreinds er hér lagt til að fjármálafyrirtækin fái skýr skilaboð um að þau leysi úr þeim álitaeftum sem eru komin upp á grundvelli gildandi réttarreglna. Sú leið að setja löggjöf skapar þá hættu að ríkissjóður verði gerður skaðabótaskyldur, komist Hæstiréttur síðar að þeirri niðurstöðu að löggjöfin standist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar. Þótt löggjöf yrði sett, er fyrirsjáanlegt að skuldarar munu byggja á því að hún feli í sér brot gegn stjórnarskrá. Því mun óvissan ekki verða minni fyrir samfélagið og fjármálafyrirtækin þótt löggjöf verði sett. Komi upp ágreiningur er eðlilegast að láta dómstólum eftir að leysa úr þeim ágreiningi á grundvelli þeirra reglna sem voru í gildi þegar stofnað var til viðkomandi samninga.

Virðingarfyllst,

Aðalsteinn E. Jónasson hrl.
dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík